

Þýska undrið, auðvaldið og Adolf Hitler. 5: Íslenskir nasistar, Gyðingar gerðir að syndaselum

Það leikur ekki á tveim tungum, að smám saman tóku þýskir þjóðernisjafnaðarmenn þá slæmu alhæfingajoðsótt að kenna heilu trúfélagi Gyðinga um árásir, ofsóknir, morð og illvirki, þegar fáeinar úr þeirra röðum áttu í hlut. Þetta er hins vegar algeng meinloka mannkyns í rökhugsun, sem marga hrjáir.

Þjóðernisjafnaðarmenn spunnu firru saman við algengar vangaveltur um æðri kynþætti og óæðri. Á nítjándu öldinni voru slík viðhorf faraldri líkust, beggja vegna Atlantshafs, þar sem betra fólk rogaðist með „byrði hvíta mannsins,“ eftirminnilegast í Ameríku og Ástralíu.

Í heimahögunum spruttu hugmyndir um yfirburði íslenska kynstofnsins eins og engjarósir að (þjóðernis)vori. Þessar „engjarósir“ skipuðu sér saman í íslenska þjóðernishreyfingu, sem var grundvöllurinn að stofnun flokks, í daglegu tali kallaður „Nasistaflokkurinn.“ Flestir flokksmanna voru flokksbundnir í Sjálfstæðisflokknum eða töldu sig Sjálfstæðismenn.

(Sbr. kver Ásgeirs Guðmundsson. „Nazisma á Íslandi. Sögu þjóðernishreyfingar Íslendinga og Flokks þjóðernissinna.“ *Saga* XIV (1976), bls. 5-68. Hrafn og Illugi Jökulssynir gáfu út bók um efnið: „Íslenskir nasistar.“ Þar greina þeir frá um tveim tugum Íslendinga, sem börðust í hersveitum Þriðja ríkisins, t.d. hálfðönskum syni Sveins Björnssonar (1881-1952), forseta, Birni Sveinsson Björnsson (1909-1998). Sá sagðist vera tandurhreinn Aríi (goðsagnakenndur hreinleikakynstofns þýskra þjóðernisjafnaðarmanna.) Móðir hans bjargaði syninum úr dönsku fangelsi 1946. Björn skrifaði endurminningar í bókinni: „Ævi mín og sagan sem ekki mátti segja.“)

Í bókinni, „Uppruna Íslendinga“ er t.d. boðskapur sagnfræðingsins, Jóns (Jónssonar) Aðils (1869-1920), skýr. Íslendingar eru búnir til úr tveim úrvalsstofnun; þ.e. Keltum og Norðmönnum. Jón telur mannval mikið hafa byggt Ísland, ríkt að atgjörvi, lærdómi, menningu og þjóðerniskennd. Hann segir:

„Hér á Íslandi blönduðu þessir tveir kynþættir blóði [Keltar og Norðmenn]. Hér rann saman í eitt andlegt fjör, hugvit og snild Keltanna, og djúpskyggni, staðfesta og viljaprek Norðmannanna, og fæddi af sér þjóðlíf, sem varla hefur átt sinn líka í sögunni.“

Svipaðra hugmynda gætti hjá Guðmundi Finnbogasyni (1872-1944), sálfræðingi, og Jónasi Jónssyni frá Hriflu (1885-1968), dóms- og kirkjumálaráðherra, sem í Íslandssögu

sinni lýsti landnemum á Íslandi sem mestu yfirburðakörlum af norrænu kyni, sem sóttu sér konungbornar fríðleiks- og gáfumeyjar til Írlands og sigldu í vestur til eyjarinnar, þar sem smjör draup af hverju strái.

Það var í slíkum jarðvegi mannkynbóta, mannræktar, og þjóðernisyfirburðahyggju, að öfgafullir þjóðernisflokkar skutu rótum víða, m.a. í Þýskalandi og á Íslandi. Íslenski nasistaflokkurinn stefndi að sjálfsögðu að forustu fyrir Íslendingum. Í stefnuskrá íslensku þjóðernishreyfingarinnar var lögð rík áhersla á íslenska menningu og hreinleika kynstofnsins:

„Vjer krefjumst eflingar íslenskrar menningar á þjóðlegum grundvelli. ... Vjer krefjumst, að í heilbrigðismálum sje þess framar öllu gætt, að kynstofninn spillist eigi af völdum arfgengra sjúkdóma. Heilbrigði þjóðarinnar sje vernduð og eflað á grundvelli mannbótakynfræðinnar (Rassenhygiene, Eugenik).“ Þetta endurómar síðar í stefnuskrá Flokks þjóðernissinna.

Nasistaflokkur Þýskalands er hin stóra fyrirmynd. Þann 18. júlí 1936 ritar Jón Þ. Árnason, formaður Félags ungra þjóðernissinna í Íslandi:

„Við Íslenzkir þjóðernissinnar getum hvar sem er, hvenær sem er, og hvernig sem á stendur, viðurkennt Þýzkaland sem þann vettvang, sem við sækjum fyrirmyndir okkar á, en á hinn bóginn neitum við því harðlega, ef einhverjum skyldi detta í hug að halda því fram, að við sækjum þangað fyrirmæli. Við dáum forystumenn þýzku þjóðarinnar og óskum þess af heilum huga, að okkar þjóð, íslenzka þjóðin, megi verða svo gæfusöm að eignast nokkra slíka, það er allt og sumt.“

Það virtist hafa verið gagnkvæm hrifning milli íslenskra og þýskra þjóðernisjafnaðarmanna. Þjóðverjar sendu hingað fulltrúa, lækinn Werner Gerlach (1891-1963), til að skoða íslenska úrvalskynið. En hann varð fyrir djúpum vonbrigðum:

„Ekkert er eftir af hinni aðalsbornu þjóð, stoltinu, heldur þræslund, sómatilfinningaleysi, skriðdýrsháttur, niðurlæging.“ (Sagnfræðingurinn, Þór Whitehead, hefur skrifað um áhuga Þjóðverja á Íslandi í „Íslandsævintýrum Himmlers.“)

Íslenskir þjóðernissinnar staðhæfðu ekki beinlínis, að þeir ættu sérstaka náð vísa hjá himnaföðurnum, en hins vegar fóru lærðir Gyðingar ekki leynt með þá sannfæringu sína, að þeir væru Guðs útvalda þjóð, öllum æðri, kjörnir til forystu mannkyns og yfirráða í alheimsríki. Það var áhættusamt að andmæla slíkum fyrirætlunum.

Gagnrýnendum eins og bifreiðaframleiðandanum, Henry Ford, og kanadísk-bandaríska klerknum, Charles Edward Coughlin (1891-1979), voru t.d. sýnd banatilræði. Aðrir, þar á meðal forsetar og fyrirmenn, voru myrt. Fordómar voru sem sagt á báða bóga.

Henry Ford var ofsóttur og saksóttur af sannleiksfyrirtæki Gyðinga, „Æruverndarbandalaginu“ (Anti-Defamation League), sem var stofnað á sama ári og Gyðingar fengu að stofna seðlabanka Bandaríkjanna, Federal Reserve (1913). Það er svo sem ekki kyn, því hann hélt úti skæðu dagblaði um tíma, Dearborn Independent. Þar var m.a. fjallað um bankavald, kynþætti æðri og lægri, mannþætur og annað í þeim dúr.

Henry var góðvinur Adolfs Hitler og hjálparhella, það var þáfinn reyndar líka. En steinninn tók úr í samfélagi ríkra Gyðinga í Bandaríkjunum, þegar Henry gaf út bókina, „Alþjóðagyðinginn: Stærsta vanda veraldar“ (The International Jew: The World's Foremost Problem).

Faðir Charles Coughlin var heldur ekki í uppáhaldi valdhafa í Bandaríkjunum, frekar en Henry Ford. Hann bakaði sér ógnarlegar óvinsældir, þegar hann talaði gegn áætlunum Franklin D. Roosevelt, forseta síns, um „New Deal.“ Þær áætlanir fólust m.a. í stórkostlegum lántökum til ýmissa framkvæmda í kjölfar fjármálakreppu, sem Gyðingavinir hans, þ.e. leiðtogar bankaveldisins, höfðu skapað.

Charles var líka uppsigað við þá árátta forsetans að stefna Bandaríkjamönnum á vit nýrrar heimstyrjaldar. En það var ekki fyrr en að honum tókst að sverfa nógu harkalega að Japönnum, að þeir tóku tálbeitu hans um að ráðast að Pearl Harbour. Eftir það skorti ekki vilja Bandaríkjamanna til að fara í stríð. Faðir Charles sagði:

„Ber nauðsyn til þess, að allur heimurinn fari í stríð vegna 600.000 Gyðinga í Þýskalandi, sem hvorki eru franskir, né enskir ríkisborgarar heldur Þjóðverjar.“

Það er ekki nema von, að Kaþólska kirkjan, ríkisvaldið og Gyðingaúrvalið, hafi þaggað niður í honum. Það tókst þó ekki við að sprengja hús hans.

<https://rarehistoricalphotos.com/hitler-reacts-kiss-woman-1936/>